

Guðný Zoëga

Skagfirska kirkjurannsóknin framvinduskýrsla 2010



Kirkjugarður á Bjarnastöðum í Kolbeinsdal



Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2010/111



© Guðný Zoëga/Byggðasafn Skagfirðinga
2010/111

Efnisyfirlit

Inngangur	2
<i>Efniviður</i>	4
<i>Aðferðarfræði við rannsóknina</i>	4
<i>Garðar sem þegar hafa verið rannsakaðir</i>	6
Reykir á Reykjaströnd	7
<i>Skurður 1 (sniðteikningar er að finna aftast í skýrslu)</i>	8
<i>Skurður 2</i>	9
<i>Skurður 3</i>	10
Hafsteinsstaðir	11
<i>Skurður 1</i>	12
<i>Skurður 2</i>	13
<i>Skurður 3</i>	13
Bjarnastaðir í Kolbeinsdal	15
<i>Skurður 1</i>	16
<i>Skurður 2</i>	16
<i>Gröf 1</i>	18
Ysti-Mór í Flókadal	19
<i>Skurður 1</i>	20
<i>Gröf 1</i>	21
Niðurstöður	23
Lokaorð	24

Inngangur

Sumarið 2010 fór fram fornleifarannsókn á fjórum stöðum í Skagafirði í tengslum við Skagfirsku kirkjurannsóknina. Staðirnir voru Reykir á Reykjaströnd, Hafsteinsstaðir í Staðarhreppi, Bjarnastaðir í Kolbeinsdal og Ysti-Mór í Fljótum.

Skagfirska kirkjurannsóknin hófst formlega á vegum Fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga í byrjun árs 2007 en rannsóknir á heimildum um elstu kirkjustaði hefur þó staðið yfir lengur. Rannsóknin hefur verið styrkt af Fornleifasjóði en auk þess hafa hlutar hennar verið styrktir af Menningarráði Norðurlands vestra og Fjárlaganefnd. Með rannsókninni er ætlunin að skrásetja og kortleggja alla elstu kirkjustaði í héraðinu og er þá leitað fanga í ýmsum heimildum. Farið hefur verið ítarlega í gegn um Íslenskt fornbréfasafn, leitað í örnefnaskráum að vísbendingum um mannvirki og munnmæli tengdum kirkjum og kirkjugörðum auk þess sem stuðst er við fjölmargar yngri ritheimildir og frásagnir heimildamanna. Gera á fornleifakannanir á stöðum þar sem ætlað er að kirkjur/kirkjugarðar hafi staðið í elstu tíð og er þá sérstök áhersla lögð á staði þar sem einungis er um að ræða munnmæli, beinafundi eða óljósari heimildir um tilvist þeirra.

Markmið rannsóknarinnar er að fá frekari upplýsingar um aldur og fjölda garðanna auk þess sem mikilvægar upplýsingar fást um samfélagsgerð á fyrstu öldum kristni sem og kirkjupólitíska þróun innan héraðs og almenna byggða- og valdaþróun. Fáar heimildir eru til um þessa þætti á því tímabili sem rannsóknin nær til og er henni ætlað að vera frumrannsókn á víðum grunni sem gagnast á sem flestum fræðasviðum.

Kristnir grafreitir eru góð tæki til rannsókna á þessum þáttum fyrir ýmissa hluta sakir. Þar er t.d. að finna í formi mannabeina einstaka heimild um samfélagsgerð, heilsufar, umhverfi og aðbúnað einstaklinga, sem og fjölskyldna, eða stærri þjóðfélagshópa. Þar sem kirkjugarðarnir sjálfir voru hringlaga skera þeir sig frá öðrum mannvirkjaleifum auk þess sem helgin sem hvílt hefur á þeim hefur oft orðið til þess að görðunum er fremur þyrmt við framkvæmdir en öðrum mannvirkjum. Kirkju- og/eða kirkjugarðs er stundum getið í fornum heimildum, bæði máldögum kirkna en einnig í gömlum arfsögnum. Vegna þess hve auðþekkjanleg lögur kirkjugarða er og þess að oft hafa bein komið óvænt upp við framkvæmdir eða jarðvinnslu, er garðanna oft getið í yngri heimildum s.s. örnefnaskráum og byggðasögnum. Garðarnir voru frá upphafi nánast undantekningalaust við bæina sem þeir tilheyrðu og getur staðsetning þeirra,

eða örnefna þeim tengd, vísað til fornra bæjarstæða þar sem nú eru e.t.v. gróin tún og engar heimildir aðrar um byggð.

Breytingar á greftrunarháttum, tilfærsla bæja og eignarhald kirkna gefur hugmyndir um valdabreytingar og byggðasöguleg áhrif hinna ýmsu stofnana svo sem Hólastóls og Reynistaðaklausturs. Rannsókn kirkjustaðanna er frumrannsókn en með henni er auk þess ætlunin að draga saman þræði úr þeim viðamiklu rannsóknum sem farið hafa fram í héraðinu á umliðnum árum. Þar má nefna Hólarannsóknina, Keldudalsrannsóknir, rannsóknir vegna ritunar Byggðasögu Skagafjarðar og jarðsjárrannsóknir bandarískra eðlis- og fornleifafræðinga, svokölluð Skagafjörður Archaeological Settlement Survey (SASS), sem hafa að mestu farið fram á Langholti.

Rannsóknin er unnin í samstarfi við aðrar fornleifarannsóknir innan héraðs en auk þess er hún hluti af doktorsverkefni verkefnisstjóra við Oslóarháskóla sem fjallar um elstu kirkjugarða og þær upplýsingar sem fá má við rannsóknir mannabeina úr þeim. Vettvangsrannsóknir voru í höndum fornleifafræðinga Fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga, Guðnýjar Zoëga og Guðmundar St. Sigurðarson og Bryndísar Zoëga, landfræðings.

Efniviður

Þegar hafa 12 staðir verið rannsakaðir í Skagafirði með fornleifauppgreftri en eftir eru 11 staðir sem tilgreindir eru í töflunni hér að neðan. Staðirnir eru valdir þar sem að má greina hringlaga garða eða að þar sem hafa fundist bein eða önnur ummerki um grafreiti. Sumir staðanna eru kannaðir nánar með könnunarskurðum en annarsstaðar eru teknir borkjarnar til að ákvarða aldur, og mögulega gerð, minja. Alls eru þekktir um 130 kirkjustaðir í Skagafirði. Miðað við niðurtöður rannsókna síðustu ára má reikna með að kirkjugarður hafi verði á þeim flestum í frumkristni. Ekki er ætlunin að rannsaka alla staðina með fornleifauppgreftri en þó verða fornleifar skráðar á þeim öllum og ummerkja garða leitað út frá þeim heimildum sem til eru. Ef nýjar upplýsingar koma í ljós við kirkjuskráninguna, aðra fornleifaskráningu eða byggðasögurannsóknir verða þeir staðir kannaðir frekar. Þegar rannsókn þessara 23 staða lýkur hefur fengist nokkuð góð mynd af staðsetningu, gerð og þróun elstu kirkjustaða, hvort munur er á minjum eftir mikilvægi staða í seinni tíma kirkjuskipulagi og því hvort og hvernig megi nýta mismunandi heimildir og vísbendingar um grafreiti.

Jörð	Sjáanlegar leifar	Tegund	Elsta heimild
Álfgeirsvellir á Efribyggð	X	Bænhús	Jarðabók 1713
Ferjuhamar í Hegranesi	X		Engin heimild
Gilhagi í Fremribyggð	X	Bænhús	Jarðabók
Hof í Hjaltadal	X		Engin heimild
Hjaltastaðahvammur í Blönduhlíð			Beinafundur/engin
Holtsmúli			Beinafundur/engin
Höfði á Höfðaströnd*	X	Alkirkja	Fornbréfasafn - 1318
Málmey	X	Hálfkirkja	Fornbréfasafn - 1318
Skíðastaðir í Neðribyggð	(?)	Bænhús	Jarðabók 1713
Vellir í Vallhólmi**	X	Alkirkja/sókn	Fornbréfasafn - 1318
Þverá í Blönduhlíð**		Alkirkja/sókn	Fornbréfasafn - 1318

*Á Höfða var sóknarkirkja fram á 19. öld en vísbending er um fornlegan hringlaga kirkjugarð á bæjarstæðinu. Ætlunin er að kanna aldur hans.

** Báðar voru kirkjurnar sóknarkirkjur til forna en eru aflagðar um eða fyrir siðaskipti.

Aðferðarfræði við rannsóknnina

Að lokinni heimildaöflun eru farnar vettvangsferðir og fornleifar skráðar á þeim jörðum sem um ræðir. Nú þegar hafa 24 jarðir verið skráðar í tengslum við verkefnið. Auk hefðbundinnar yfirborðsskráningar fornleifa hefur einnig verið stuðst við jarðsjármælingar. Einnig fer fram, í tengslum við verkefnið, gerð landupplýsingagrunns þar sem skrásettar eru uppmælingar

fornleifa, staðsetningar jarða og fornþýla, landamerki, sóknarmörk og aðrar upplýsingar sem koma að gagni við úrvinnslu rannsóknargagna.

Við uppgröft er mismunandi aðferðarfræði beitt eftir því um hvernig minjar er að ræða. Þar sem að leita þarf uppi veggj kirkjugarðs eða bæjarstæði sem ekki sjást á yfirborði er í fyrstu notaður kjarnabor. Kjarnabor hefur þann kost að geta gefið upplýsingar um tilvist mannvirkja og mögulegan aldur þeirra með litlum tilkostnaði eða skemmdum á minjunum. Einnig hefur verið stuðst við jarðsjármælingar en þær eru háðar því að þar til bærir sérfræðingar og sérhæfður tæknibúnaður séu til staðar.

Þar sem kirkjugarðsveggur sést á yfirborði eða grunsemdir eru um að slíkur veggur liggi, er gerður könnunarskurður í gegn um vegginn eða hluta hans. Snið í skurðinum eru teiknuð upp, þeim lýst og þau ljósmynduð. Þar sem aðstæður leyfa er skurðurinn tekinn lengra inn í kirkjugarðinn frá kirkjugarðsveggnum og er þá reynt að taka skurðinn þvert á stefnu grafa, þ.e. norður-suður. Leitast er við að grafa ekki þar sem vænta má flókinna mannvistarlaga eða þar sem að seinna hefur verið byggt ofan í garðinn. Jarðlög innan kirkjugarða eru venjulega fremur einföld en þar sem skurðir eru teknir innan garðs eða stærri svæði opnuð er grafið í lögum (context) sem er viðurkennd aðferðarfræði innan fornleifafræðinnar. Þá er hvert jarðlag fyrir sig grafið fram sérstaklega, það mælt upp, myndað og skráð. Oftast duga þó einfaldar sniðteikningar úr skurðinum þar sem að einungis er verið að opna smærri svæði. Þar sem grafir koma í ljós er ein gröf grafin að fullu og beinagrind fjarlægð. Það er gert bæði til að staðfesta að um grafreit sé að ræða en einnig til að sjá hvernig varðveisla beina er en það skiptir miklu máli fyrir rannsóknargildi garðsins.

Aldur minja er metinn út frá gjóskulögum. Helstu gjóskulög í Skagafirði:

H3 (Hekla) – gulleitt, þykkt, forsögulegt gjóskulag.

LnL (Landnámslagið) - 2-3 dökk gjóskulög frá 7.-9. öld.

Vj~1000 (Vatnajökull) – dökkt og/eða grænleitt gjóskulag sem féll um 1000.

H1104 (Hekla) - hvít gjóska sem féll 1104.

H1300 (Hekla) – grá gjóska sem féll 1300.

H1766 (Hekla) – svört gjóska, finnst venjulega skammt undir yfirborði eða í grasrót.

Garðar sem þegar hafa verið rannsakaðir

Komið hafa í ljós tíu kristnir grafreitir frá 11.-13. öld í Skagafirði á undanförunum árum sem sjá má í meðfylgjandi töflu. Á tveimur þeirra, Ási í Hjaltadal og Keldudal í Hegranesi hefur ítarleg fornleifarannsókn farið fram. Á Hofi í Hjaltadal og Sauða í Borgarsveit (Sauðárkróki) voru hlutar kirkjugarða rannsakaðir í tengslum við framkvæmdir en sex garðar hafa verið rannsakaðir sérstaklega með könnunarskurðum í tengslum við kirkjurannsóknina. Þeir eru á Steinsstöðum í Tungusveit, Mið-Grund í Blönduhlíð, Garði í Hegranesi, Skíðastöðum í Laxárdal ytri og tveir á Seylu á Langholti, Bjarnastöðum í Kolbeinsdal og Ysta-Mói í Fljótum. Á fjórum jörðum, Gili, Keflavík, Hafsteinsstöðum og Reykjum hafa garðar ekki fundist við rannsókn.

Nafn jarðar	11. öld	12. öld	13. öld	Elsta heimild
Ás í Hjaltadal ¹ (nú Neðri-Ás)*	X			Kristni saga
Sauða í Borgarsveit ² *	X			Fornbréfasafn
Steinsstaðir í Tungusveit	X			Engin
Keldudalur í Hegranesi ³ *	X	X		Engin
Mið-Grund í Blönduhlíð	X	?		Jarðabók 1713.
Garður í Hegranesi	X	X		Engin
Seyla á Langholti eldri grafreitur	X			Engin
Seyla á Langholti yngri grafreitur		X	?	Sturlunga
Hof í Hjaltadal ⁴ *			X	Engin
Skíðastaðir í Laxárdal	?	X		Fornbréfasafn
Bjarnastaðir í Kolbeinsdal	X	X		Engin
Ysti-Mór í Fljótum	X	X	X	Fornbréfasafn

Tafla sem sýnir forna kirkjugarða sem hafa verið rannsakaðir í Skagafirði.

*Garðar sem rannsakaðir voru áður en kirkjurannsóknin hófst.

¹ Orri Vésteinsson (1998).

² Sigurður Bergsteinsson, minnisblað úr rannsóknarferð, 10. apríl 2000.

³ Guðný Zoëga 2008 og 2009.

⁴ Guðmundur Ólafsson 1984, bls. 117-133.

Reykir á Reykjaströnd



Mynd 1. Yfirlitsmynd af svæðinu sem rannsakað var á Reykjum.

Á Reykjum stóð kirkja á 11. öld samkvæmt Grettissögu. Í Grettissögu segir að eftir dráp Grettis og Illuga hafa menn sótt líkin og fært „út til Reykja á Reykjaströnd og grófu þar að kirkju. Og er það til marks að Grettir liggur þar að um daga Sturlunga er kirkja var færð að Reykjum voru grafinn upp bein Grettis og þótti þeim geysistór og þó mikil.“⁵ Á lítilli hólbungu stóðu fjárhús og var grjótrétt ofan þeirra. Þar voru tóftir og hringlaga garður utan um, norðan, austan og sunnan réttarinnar, áður en sléttað var vegna túnræktunar.⁶ Nú sjást þessi mannvirki ekki lengur en heimildamaður Jón Eiríksson leiðbeindi um hvar réttin myndi hafa staðið.

Svæðið er hólbunga vestast í sléttuðu túni, fast austan heimreiðar, austan við hlið sem hefur verið á gamla túngarðinum sem liggur upp á hól vestan réttarinnar og gamla bæjarstæðisins. Engin merki önnur en óglögg veggjalög eru nú um gamla bæinn sem stóð vestan heimreiðar um 85m norðan við rannsóknarsvæðið.

⁵ Íslendingasögur og þættir II (1987), bls. 1065.

⁶ Byggðasaga Skagafjarðar I (1999), bls. 196-7.

Þrír skurðir voru teknir í svæðið þar sem réttin (hringlaga mannvirkið) á að hafa staðið. Stærsti skurðurinn var tekinn nyrst á hólnum þar sem kjarnabor hafði gefið vísbendingu um að undir væri að finna torfvegg.

Skurður 1 (sniðteikningar er að finna aftast í skýrslu)



Mynd 2. Horft til suðurs yfir skurð 2. Rétt undir yfirborði sést hleðsla úr vegg sem sléttaður hafði verið út. Undir henni voru svo merki um eldri vegg. Líósm. GZ.

Skurðurinn var tekinn nyrst á hólbrekkunni sem hringlaga garðurinn á að hafa legið. Hann var 3,3m að lengd og 70cm að breidd. Fyrir miðjum skurði kom fram torfveggur. Efst undir grasrót [1] komu fram útflattar leifar torfveggjar. Neðst í veggnum var stórt hleðslugrjót en ofan þess torf [5] sem í voru þykkar linsur af H1104. Veggnum hefur líklega verið rutt um út þegar tún voru sléttuð. Neðan hans voru svo leifar eldri veggjar eða garðs [11] með torfi sem í voru svört gjóska og linsur af H3. Einföld röð sléttra steina virtist liggja við innbrún veggjar. Sunnan veggjarins, undir grasrót, var þykkt lag [2] af rótuðu torfi, líklega leifar veggja sem rutt hefur verið um við sléttun túns. Í torfinu var að finna grænleita þunna gjósku og leifar grárrar gjósku sem líktist H1300. Undir

því var rótað moldarlag [6] sem í voru flekkir af H1104 og koladreif. Undir því var rótað lag [8] með móösku, grænum gjóskuflekkjum og koladreif. Lagið lá upp að eldri torfveggnum. Undir því, einnig uppi við vegginn, var svo rótað lag [9] sem í var nokkuð af móösku og torfi sem gæti að hluta verið hrun úr veggnum. Undir lögum [8] og [9] var svo jafn þykkt lagskipt torf [14]. Neðan þess í botni skurðar ofan á náttúrulegum lögum var svo rótað lag með flekkjum af H3. Það lag virtist liggja undir syðri innbrún veggjar. Norðan við torfvegginn, undir grasrót var rótað torf lag [4] með flekkjum af H1104. Þar neðan við var rótað lag [6] sem einnig sást sunnan veggjar. Svo var rótað torflag [7], líklega hrun úr eldra torfveggnum. Neðan þess var rótað fremur einsleitt lag [10] með torfi, móösku og mold. Undir því lá um

5cm þykkt móöskulag [12] mögulega gólflag, þó ekki mjög þétt. Undir því var rótað torflag [13] sem lá ofan á náttúrulegu jarðlagi.

Túlkun:


Í sniðinu kom fram torfveggur sem reistur hefur verið líklega fyrir 1104. Ofan hans eru svo leifar annars veggjar en svo virðist sem að þar hafi verið hlaðinn nýr veggur, fremur en að eldri veggurinn hafi verið gildaður upp. Þar sem að búið er að slétta út í tún hólbunguna sem garðurinn liggur á var ekki hægt að ákvarða nánar hvort um væri að ræða vegg byggingar eða mögulegan kirkjugarðsvegg. Mögulegt gólflag norðan veggjar kann þó að styðja hið fyrrnefnda. Sunnan veggjar voru torflög, ekki ósvipuð uppfyllingarlægum sem fundist hafa í fornum kirkjugörðum. Engin merki grafa fundust hinsvegar.

Skurður 2

Reykir á Reykjaströnd 08.07.2010

Vesturnsið í skurði 2

Teikn. GZ



Skurður 2 var tekinn um 3m sunnan við skurð 1. Hann var 1m á lengd og 60cm á breidd. Í skurðinum komu fram mikil mannvistarlæg en ekki komu fram grafir. Undir grasrót [1] var rótað lag [2] með torfi sem í var H1300, samskonar og sást í skurði 1. Undir því var ruslallag [3] með móösku, brenndum beinum og kolum. Neðan þess einsleitt brúnt moldarlag [4] með torfflekkjum sem í voru flekkir af H3 og móösku. Undir því var rótað torflag [5], fremur

einsleitt en þó dálítið af kolum í því. Þar neðan við var um 3cm þykkt bleikt móöskulag [6]. Lagið var þétt en virtist ekki lagskipt. Neðan þess var lagskipt torf [7] með H3. Síðan tóku við óhreyfð jarðlög.

Túlkun:

Lögin sem komu fram í skurðinum voru fremur lagskipt og virtust fremur vera eins og ruslalög en að tilheyra byggingu. Engin merki veggja fundust en móöskulag neðarlega í skurði kann að hafa verið gólflag eða hluti ruslalags. Rótað torf neðst í skurði kann einnig að vera hluti veggja sem hafa verið jafnaðir út. Engin merki grafa komu fram í skurðinum.

Skurður 3

Skurður 3 var tekinn syðst á svæðinu og var hann um 70cm á lengd og 60cm á breidd. Undir grasrót kom fram mjög rótað torf en á 30-40cm dýpi kom fram skriða með sandi og misstóru grjóti. Ekki var ljóst hvort skriðan hefur fallið fyrir eða eftir að byggð hófst á staðnum en miðað við jarðvegsþykkt í námunda skurðar verður hið síðara að teljast líklegra. Ekki var grafið niður úr skriðunni.

Hafsteinsstaðir



Mynd 3. Horft til Norðvesturs að bænum á Hafsteinsstöðum. Bæjarhóllinn gamli var upp á sléttunni ofan brekkunnar fyrir miðri mynd. Könnunarskurðurinn var skammt hægra megin við beygjuna á veginum upp brekkuna. Þar komu upp bein á sínum tíma þegar bæjarhóllinn var sléttaður. Ljósm. GZ.

Hafsteinsstaðir var ein af stofnjörðum Reynistaðarklausturs 1295 og þar var engin leiga tekin fremur en af heimajörð klaustursins⁷, sem gæti verið vísbending um að leigan hefði runnið til kirkju á staðnum. Um miðja 20. öld og aftur 1987 þegar grafinn var hesthúsgrunnur við gamla bæjarhólinn komu upp mannabein „á skilum malar og moldar“.⁸ Munnmæli eru um að þar hafi verið bænhus eða hálfkirkja til forna.

Gamli bæjarhóllinn stóð á hólbungu um 100m suðaustan núverandi bæjarhúsa neðan (austan) hesthúsa. Stór hluti gamla bæjarhólsins er horfin vegna framkvæmda en sá hluti hans sem enn er til staðar liggur fremst á brekkubrún, um 5-15m breitt grassvæði. Skurður var tekinn syðst og austast á svæðinu rétt við brekkubrún ofan seinni tíma matjurtagarðs. Skurðurinn var fyrst tekinn norður-suður en þegar niðurgröftur kom fram nyrst í honum var hann stækkaður til vesturs til að ákvarða um hvernig niðurgröft væri að ræða. Kjarnaborar höfðu gefið til kynna að sunnan og vestan skurðar væri mjög skammt niður á möl. Ljóst var að mikið er horfið af mannvistarlögum, sérstaklega yngri lögum.

⁷ Íslenzkt fornbréfasafn II (1893), bls. 301, 398. Það voru einu jarðirnar sem ekki guldu leigu til klaustursins.

⁸ Byggðasaga Skagafjarðar II (2001), bls. 119.



Mynd 4. Horft til suðurs yfir rannsóknarsvæðið, könnunarskurður 1 fyrir miðri mynd. Það sem eftir er af bæjarhólnum er á gróna svæðinu vinstra megin á myndinni. Ljósm. GZ.

Skurður 1

Skurðurinn var L-laga og voru teiknuð upp í honum tvö snið, austur og norðursnið. Norður-suðurhluti skurðar var 2ja metra langur og 70cm breiður en austur-vesturhluti skurðar var 1,8m að lengd og 80cm breiður.

Norðursnið

Undir grasrót [1] austast í sniði var rótað torflag [2] með H1104 og rauðleitu mýrartorfi. Undir því var þykkt lag af mjög rótuðu torfi sem í var H1104, rusl s.s. óbrennd dýrabein, kol og móaska. Undir því var svo H1104 óhreyfð í nánast öllu sniðinu en 50cm vantar í lagið í austurhluta sniðs þar sem grafið hefur verið niður fyrir það. Undir H1104 var þunnt fokmoldarlag [4] með dálitlu af móösku og koladreif. Undir því var ruslslag [5] með nokkru af móösku og brenndum beinum. Neðan þess var þunnt grænt gjóskulag, miðað við afstöðu við H1104 gæti verið um að ræða lag úr Vatnajökli sem féll um árið 1000 (Vj~1000). Undir gjóskunni var þykkt lag [7] af rótuðum jarðvegi með torfflekkjum, brenndum beinum, ösku og mól. Neðan þess í austurhluta sniðs var mjög lagskipt torf [8] með dökkum linsum af lífrænum jarðvegi og svartri gjósku. Neðan þess var austast í sniði, rótað lag [11] með mól.

Austursnið

Í austursniði komu fram nánast sömu lög. Undir grasrót var þykkt rótað lag [3] og neðan þess H1104 óhreyft. Undir því var rótað ruslslag [5] með móösku og brenndum beinum. Í norðurenda skurðar var þunnt fokmoldarlag með móösku og dálítilli koladreif. Neðan þess var svo óhreyfð græn gjóska, líklega Vj~1000. neðan hennar var rótað moldarlag [7] með dálítilli mannvist. Undir gjóskunni var lagskipt torf [8] og syðst í sniðinu var samskonar torf en þykkara, líkt og það gæti verið í heillegri vegg [10]. Norðan veggjarins var svo rótaðra torf [9] mögulega hrun úr vegg. Neðst í skurðinum var svo rótað lag [11] með möl.


Túlkun:

Efst undir grasrót var þykkt ruslslag. Ruslahaugur bæjarins var þarna skammt frá og má vera að þarna séu að hluta leifar hans en einnig kann að vera að leifar hans hafi verið jafnaðar út yfir svæðið þegar þar hefur verið sléttað yfir. Nokkur mannvistarlög voru undir H1104 óhreyfðu og sé það rétt að græna gjóskan sé frá því um 1000 voru þarna greinilega byggingaleifar frá því fyrir þann tíma. Bæjarstæðið hefur því líklega verið á sama stað frá því fyrir þann tíma. Engin merki fundust hinsvegar um grafreit. Niðurgroftur sem líktist í upphafi mjög því sem búast mætti við af gróf reyndist minni en vonir stóðu til.

Skurður 2

Mjór skurður var tekinn norðar á bæjarhólnum, um 3ja metra langur. Þar var rétt um 10cm undir yfirborði komið niður á þunnu grænu gjóskuna sem kann að vera Vj~1000 lag. Ekki var grafið niður fyrir gjóskulagið.

Skurður 3






Mynd 5. Könnunarskurður í fornt garðlag um 200m sunnan við gamla bæjarhólinn. Ljósm. GZ.

Könnunarskurður var tekinn í garðlag sem liggur nærri landamerkjum Reynistaðar og Hafsteinsstaða. Nokkrir garðar eru greinilegir á svæðinu og var skurðurinn var tekinn til að meta aldur þessara garða. Garðarnir virðast fremur tengjast einhverskonar uppskiptingu lands utan túns heldur en að um túngarða sé að ræða. Garðlögin eru mjög fornleg og jarðsokkin en leit að bæjarstæði þeim tengdum bar ekki árangur.

Skurðurinn var tekinn þar sem að jarðvegsrof var í garðinn og var hann 1,8m langur og 50cm breiður. Í skurðinum kom garðurinn fram undir þykku lagi af óhreyfðri fokmold [2]. Neðan hennar efst í garði virtist vera uppgilding með torfi [3] sem í var gjóskan H1104. Neðan þess var svo veggur [5] sem hlaðinn er fyrir 1104 en sú gjóska liggur upp að garðinum. Garðurinn hefur verið hruninn [4] þegar hann hefur verið endurhlaðinn.

Bjarnastaðir í Kolbeinsdal



Mynd 6. Horft til suðurs yfir bæjarstaðið á Bjarnastöðum. Tóftir eru allar mjög ógreinilegar en bæjarstaðið er grænna svæði fyrir miðri mynd. Skriður hafa fallið yfir það að hluta. Hringlaga garðlagið sem könnunarskurðurinn var tekinn í liggur sunnan og neðan bæjarstaðisins. Ljós. Hjalti Pálsson.

Bjarnastaða í Kolbeinsdal er fyrst getið í eignaskrá Hólastóls frá 1388. Bærinn fór í eyði 1895. Bæjarstaðið liggur í 180m hæð yfir sjávarmáli, neðst í fjallsbrekku norðan og ofan Kolbeinsár. Á rennur austan bæjarins og hefur hún valdið skriðuföllum á bæjarstaðinu eftir að bærinn fór í eyði. Stór hluti túnsins er nú horfinn undir grjótskriðu.

Sumarið 2008 fór fram fornleifakönnun á Bjarnastöðum í tengslum við rannsóknir á vegum Byggðasögu Skagafjarðar. Við rannsóknina kom í ljós hringlaga svæði sem að stærð og formi líktist fornum kirkjugarði. Engar heimildir eru hinsvegar til um kirkju eða kirkjugarð á Bjarnastöðum. Erfitt var að greina eiginlega veggi sem virtust mjög jarðsokknir og hlaupnir í þúfur. Borkjarnar sem teknir voru í útbrún hringsins gáfu til kynna að um væri að ræða hringlaga garðlag. Þvermál innan garðs hefur verið um 17m. Í garðinum miðjum var dálítill upphækkun en engin önnur merki bygginga sáust innan garðs. Tekinn var skurður syðst í garðinum og kom þar fram veggjahleðsla en ekki gafst tími til að rannsaka nánar hvort um kirkjugarð væri að ræða. Sumarið 2009 var skurðurinn stækkaður og annar skurður tekinn

norðanvert á svæðinu. Grafir komu fram í nyrðri skurðinum sem staðfesti að um fornan grafreit væri að ræða.

Skurður 1

Skurðurinn var tekinn syðst í meintum kirkjugarðsvegg, fremst á brekkubrún. Hann var 3,3m langur og 0,7m breiður og lá norður-suður.

Í suðurenda skurðar, beint undir grasrót var um 8cm þykkt lag [2] sem virtist vera einhverskonar fok eða ruslslag sem í var dálítið af kolum. Undir því var svo óhreyft fokmoldarlag [3] sem var um 5-30cm þykkt, þykkast í norðurenda skurðar. Undir því lagi var rótað torflag [4] með samskonar torfi og í torfveggnum [6] og lá það nokkurn veginn jafnt í skurðinum. Vera kann að sléttað hafi verið úr garðinum frekar eftir að hann var fallinn. Neðst í því lagi var svo grá gjóska, H1300, sem lá óhreyfð yfir öðrum jarðlögum í skurðinum en varð slitróttari í norðurenda þar sem torfveggurinn var þykkastur. Beint undir H1300 var slétt lag af mold [5] sem í var dálítið af brenndum beinum og flekkjum af 1104. Þetta moldarlag lá yfir hruni úr torfveggnum. Torfveggurinn [6] lá nyrst í skurðinum um 80cm á breidd og 45cm á hæð. Undir honum var 30cm djúpur niðurgröftur [9] sem í var þétt torf með H1104 og H3 og með einfaldri steinaröð neðst. Torflagið líktist því einna helst að það hafi verið sett niður til að slétta undir torfvegginn. Torfveggurinn sjálfur var úr rauðleitu mýrartorfi sem í voru þykkar linsur af H1104. Veggurinn hefur hrunið inn eða til norðurs. Uppi við norður brún hrungsins er blandað lag með móösku kolum og rótuðu torfi.

Túlkun: Torfveggur hefur verið reistur eftir 1104 en hann hefur verið fallinn áður en að gjóskan frá 1300 féll. Vera kann að rótaða lagið sem lá undir 1300 hafi verið til að slétta úr svæðinu innan garðs eftir að hann var aflagður.

Skurður 2

Skurður 2 var tekinn norðanvert rétt innan við mögulegan kirkjugarðsvegg. Skurðurinn var alls 2,5m að lengd og um 70cm að breidd. Hann lá norður-suður.



Mynd 7. Horft ofan í gröfina sem fannst nyrst í skurði 2. Þar sér í efri hluta lærleggja og mjaðmabein. Ljós. GZ.

Undir grasrót [1] var um 10-40cm þykkt malar og sandlag, líklega skriða úr hlíðinni ofan við. Lagið er þykkast sunnanvert í skurðinum en þar var nokkur lægð. Undir því var síðan fokmoldarlag [3] sem virðist óhreyft með öllu. Neðst í því var gjóskan H1766 en undir því í norðanverðum skurðinum var fokmoldarlag [4] sem í var dálítill koladreif. Neðst í því var gjóskan H1300. Undir því var annað fokmoldarlag [6] með nokkru af móösku og kolum. Undir því, nyrst í skurði, var svo lagskipt rauðleitt mýrar torf [7] með þykkum linsum af

H1104. Neðan þess lags var H1104 óhreyft. Neðan þess var svo rótað jarðlag [7] með flekkjum af H3. Þar undir lá um 15cm þykkt gulleitt rótað lag [8] með miklu af H3. Neðan þess var svo dökkt lagskipt torf [11], líklega torf sem lagt hefur verið í garðinn til að slétta úr honum. Útlínur tveggja grafa komu fram á yfirborði þessa lags. Í norðurenda skurðar kom yfirborð grafar [9]. Alls komu fram 80cm af breidd grafarinnar og hefur hún legið austur-vestur. Fyllingin var fjarlægð úr gröfinni og komu fram leifar beinagrindar á 70cm dýpi. Sást í neðri hluta mjaðmabeina, spjaldhrygg og leggjabein. Leggjabein voru ágætlega farin en mjaðmabein voru verr farin. Í botni suðurenda skurðar var stór steinn og sunnan hans rauðleitt mýrartorf [12] með H1104. Ekki var grafið niður í þetta torflag ef um vegg

byggingar skyldi vera að ræða. Undir steininum og ofan í lag [11] var svo greinilegur niðurgröftur, sambærilegur við gröfina sem könnuð var.

Túlkun:

Kristinn grafreitur hefur verið á Bjarnastöðum á 11. öld. Veggurinn sem umlukið hefur garðinn virðist hinsvegar hlaðinn eftir að gjóskan féll 1104. Sama er að segja um mögulegar byggingaleifar innan garðs. Tvær grafir komu fram í skurðinum, yfir þeirri nyrðri virðist liggja hrun úr kirkjugarðsveggnum. Metri aðskilur grafirnar en sú syðri hefur legið undir leifum byggingar sem sjá má í suðurenda skurðar. Ekki er hægt að fullyrða að um leifar kirkju sé að ræða en byggingin hefur verið aflögð fyrir 1300. Báðar grafanna eru frá því fyrir 1104 og kirkjugarðsveggurinn hefur verið reistur eftir 1104 eins og áður segir en hann hefur verið fallinn nokkru áður en að gjóskan féll 1300. Einhverntímann eftir 1766 hefur síðan skriða fallið yfir norðurhluta garðs.

Gröf 1

Einungis var opnaður hluti grafarinnar til að staðfesta að þar væri um gröf að ræða. Grafið var ofan í gröfina fyrir henni miðri og var hún alls 60cm breið á yfirboði og um 40cm breið í botni. Grafarfyllingin var rótaður moldarblandaður náttúrujarðvegur með miklu af H3. Komið var niður á beinagrindina miðja og sá í fótleggjabein og mjaðmabein. Fótleggjabein voru mjög vel varðveitt en mjaðmabein voru verr farin. Bein voru ekki fjarlægð úr gröfinni og því voru aldur og kyn einstaklingsins ekki metin.

Ysti-Mór í Flókadal



Mynd 8. Horft yfir kirkjugarðinn á Ysta-Mói. Könnunarskurðurinn var tekinn þar sem maðurinn stendur hægra megin á myndinni. Ljósm. GZ.

Ysti-Mór í Flókadal á að hafa verið landnámsjörð Flóka Vilgerðarsonar (Hrafna-Flóka). Þar var „lítt standanda“ bænhus 1461.⁹ Í Jarðabókinni 1709 segir að þar hafi bænhus verið að fornu og að enn sjáist til kirkjugarðsleifa¹⁰ og 1940 var afgirtur reitur þar sem bænhusið stóð og örnefni sem minnti á það.

Um 40m frá núverandi íbúðarhúsi er hringlaga garðlag sem þyrmt var þegar að gamla bæjarstæðið var sléttað. Garðlagið er um 20m í þvermál og innan þess er mjög þýft og stæðileg upphækkun fyrir miðjum garði.

Tekinn var L-laga skurður. Fyrst var skurður tekinn sem snéri norður-suður og var hann alls 5,2m langur og 70cm breiður. Skurðurinn var tekinn inn í kirkjugarðsvegg og inn í garðinn til suðurs. Gröf kom fram í suðurenda skurðar. Gröfin lá austur-vestur og var skurðurinn stækkaður sem nam gröfinni til austurs, alls 1,1m að lengd og 85cm breiður.

⁹ DI. Íslenskt fornbréfasafn V (1898), bls. 355.

¹⁰ Jarðabók 9. bindi (1930), bls. 288.

Skurður 1

Í norðurenda skurðar, undir grasrót [1] kom fram kirkjugarðsveggurinn sem sýnilegur er á yfirborði. Efst í honum er rótað torflag [2] en neðan þess er torfveggur sem í má sjá a.m.k. tvö byggingastig. Yngri hluti garðsins er úr torfi [3] sem í má greina öskulögin H1104 og H1300. Undir honum er svo veggjatorf sem í er 1104 en ekkert 1300 lag. Neðan þess, ofan á H1104 óhreyfðri, lá um 10cm þykkt dökkt rótað lag [5], líklega grundvöllur fyrir garðinn sjálfan. Einföld grjóthleðsla hefur verið við garðinn innanverðan neðantil. Innan garðs undir grasrót kom fram rótað torflag [10] en neðan þess nokkuð þykkt fokmoldarlag [6]. H1300 liggur óhreyft á milli fokmoldarlaga en vottur af koladreif er bæði ofan á og undir gjóskunni. Undir fokmoldarlaginu er mjög rótað lag [7] með koladreif og miklu af H3. Lagið liggur nánast eftir skurðinum öllum og upp að lagskiptara torfi í suðurenda skurðar. Undir öllum lögum liggur svo gulleitt rótað lag [9] með miklu af H3. Lagið líkist mjög þeim lögum sem finna má þegar sléttað er undir veggj eða eru til að slétta svæði innan garðs. Neðarlega í suðurenda skurðar kom fram klöpp eða steinn með beinni brún þvert yfir skurðinn. Norðan steinsins komu svo fram útlínur grafar og var skurðurinn opnaður lengra til austurs til að hægt væri að opna gröfina að fullu .

Suðursnið – ekki teiknað upp



Mynd 9. Suðursnið í skurði 1. Hvíta línan þvert yfir skurðinn er Heklugjóskan frá 1104. Ljósm. GZ.

Í suðursniði kom í ljós nokkuð þykkur torfbunki þar sem að upphækkun byrjar fyrir miðjum garði. Svo virðist sem sléttað hafi verið úr einhverjum byggingum innan garðs. H1300 lá óhreyft yfir rótaða torfinu en undir torflaginu lá H1104 óhreyfð í sniðinu öllu. Undir gjóskunni var um 8cm þykkt rótað lag með móösku, kolum, torfi sem lá ofan á yfirborði grafarinnar sem kom fram syðst í skurðinum.

Gröf 1

Ofan á gröfinni var 8cm þykkt rótað mannvistarlag og ofan þess óhreyfð H1104. Gröfin var tekin ofan í náttúruleg jarðlög.


Fótendi grafar, breidd: 28cm

Miðja grafar, breidd: 61cm

Höfuðendi grafar, breidd: 43cm

Lengd 1,7m

Dýpt: 55cm í austurenda, 40cm í vesturenda.



Mynd 10. Bein sem lágu í gröfinni voru mjög illa farin. Hér sjást fótleggjabein einungis sem dökkir skuggar í jarðveginum.

Gröfin er tekin niður að grófri jökulmöl og hefur líkið verið lagt þar ofan á. Grafarfyllingin var rótuð mold með miklu af grjóti. Í austurenda grafar var hún pökkuð með stórgrýti þannig að erfitt var að hreinsa upp graffyllinguna. Neðst í gröfinni beint ofan á grófri jökulmöl voru

mjög illa farnar leifar beinagrindar. Beinir voru öll horfin og einungis hægt að greina óljósar útlínur fótleggjabeina. Dökkt lífrænt lag var þar sem beinir höfðu legið en engin merki kistu var að finna í gröfinni. Mikil mól í grafarfyllingu og sú staðreynd að beinagrindin lá beint ofan á mól er líklega ástæða mjög slæmrar varðveislu beinanna. Sökum þess var ekki hægt að meta aldur eða kyn þess sem legið hefur í gröfinni.

Niðurstöður

Grafið var á fjórum stöðum í tengslum við Skagfirsku kirkjurannsóknina sumarið 2010. Kirkjugarðar fundust á tveimur staðanna, Bjarnastöðum í Kolbeinsdal og Ysta-Mói í Fljótum. Á báðum staðanna voru vísbendingar á yfirborði um hringlaga kirkjugarða en á Hafsteinsstöðum og Reykjum hömluðu síðari tíma bygginga- og jarðvegsframkvæmdir rannsóknarmöguleikum.

Engar beinar ritheimildir eru fyrir kirkju eða kirkjugarði á Hafsteinsstöðum en þar fundust mannabein við framkvæmdir auk þess sem þar eru óljósar munnmælasögur um kirkju. Sökum þess að stórum hluta bæjarhólsins hefur verið rutt um er stutt niður á mól víða. Skurðurinn sem tekinn var sýndi engu að síðuar töluverðar minjar frá því fyrir árið 1000 þó svo að ekki fyndust merki um kirkjugarð. Forn garðlög utan túns styðja einnig vísbendingar um mikil umsvif á fyrst öldum byggðar á Hafsteinsstöðum.

Á Reykjum var grafið á stað sem að munnmæli bentu til að gæti verið forn kirkjugarður en garðsins er getið í Grettissögu. Í öðrum skurðanna sem tekinn var komu fram leifar veggjar, líklega frá því fyrir 1104. Hinsvegar höfðu minjarnar verið sléttaðar í tún og var því erfitt að ákvarða nánar hvort um kirkjugarðsvegg væri að ræða. Engin merki fundust um grafir.

Á Bjarnastöðum í Kolbeinsdal hefur verið kristinn grafreitur á 11. öld. Kirkjugarðsveggur virðist hafa verið hlaðinn snemma á 12. öld en engin merki voru um greftrun eftir þann tíma. Elstu ritheimildir um Bjarnastaði eru frá 14. öld en ljóst er að byggð hefur verið þar allt frá elstu tíð. Rannsóknin var mjög takmörkuð og því erfitt að fullyrða um hvort að grafið hefur verið í garðinn eftir þann tíma. Sökum þess hve staðurinn er afskekktur og yfir erfiðar ár að fara gafst ekki tími til að grafa fram beinin í gröfnni sem skoðað var í. Engin ummerki kistu fundust í gröfnni en jarðvegur í graffyllingunni var að meðstu laus mold og voru beinin ágætlega varðveitt. Tvær grafir sáust í skurðinum og hefur um metri aðskilið þær. Garðurinn hefur verið aflagður fyrir 1300 en óvist er hversu lengi kirkja hefur verið á staðnum eftir að hætt var að nota grafreitinn.

Heimildir eru um illa farið bænhús á Ysta-Mói í Fljótum frá síðari hluta 15. aldar. Hvergi er þó minnst á að þar hafi verið grafreitur. Rannsóknin leiddi í ljós grafreit sem virðist aflagður fyrir 1104 en þó verður að hafa þann fyrirvara að rannsóknin var mjög takmörkuð og

einungis ein gröf kom fram í skurðinum sem tekinn var. Gröfinn var tekin í jarðveg sem var mjög grófur og hefur hann verið ærið torgræfur. Gröfin sem fannst hefur verið grafin utan í stórgrýti eða klöpp og í grafarfyllingunni var mikið stórgrýti enda var beinagrindin mjög illa farin. Engin ummerki kistu fundust í gröfinni. Kirkjugarðsveggurinn virðist hlaðinn eftir 1104 og hefur hann verið endurhlaðinn eftir 1300. Vera kann að veggurinn hafi verið hlaðinn eftir að grafreiturnar var aflagður en einnig kann að vera að garðurinn hafi verið stækkaður, en ummerki eldri garðs sást þó ekki í skurðinum. Syðst í skurðinum voru greinileg byggingamerki, líklega byggingar sem sléttuð hefur verið úr. Það hefur þó gerst áður en gjóskan féll árið 1300 og því ekki um að ræða leifar bænhússins sem sagt er á fallanda fæti í lok 15. aldar. Gröfin sem kom fram í skurðinum var tov metra innan við kirkjugarðsvegginn. Garðurinn hefur því ekki verið fullnýttur þegar hætt var að grafa í hann en kirkjugarðsveggur hefur þó verið endurgerður umhverfis kirkjuna eftir að hætt var að grafa í garðinn.

Lokaorð


Frumniðurstöður rannsóknarinnar 2010 styrkja þá megin niðurstöðu undangenginna ára að flestir sjálfstæðir bæir í Skagafirði hafi á 11. öld haft eigin grafreit og og kirkju. Um og eftir aldamótin 1100 voru menn enn að grafa í heimiliskirkjugarðana en greftrun í þeim flestum virðist þó leggjast af á 11. öld eða snemma á þeirri 12. Ekki er ólíklegt að það tengist tilkomu Hólastóls 1106 en í framhaldi af því eflist mjög kirkjuvald í héraði og skipulag kirkjunnar hefur væntanlega farið í fastari skorður með tilkomu tíundar og sóknarkirknanna.

Fornleifavernd ríkisins veitti leyfi til rannsókna. Heimildamönnum, ábúendum og eigendum jarðanna eru færðar þakkir fyrir veitta aðstoð og góðfúslegt leyfi til rannsókna. Auk þess fá starfsmenn Byggðasögu Skagafjarðar þeir Hjalti Pálsson og Kári Gunnarsson sérstakar þakkir fyrir veitta aðstoð við rannsóknir í Kolbeinsdal.

Reykir á Reykjaströnd 08.07.2010

Skurður 1 - vestursnið í meintan kirkjugarðsvegg


Teikn. GSS, GZ



Hafsteinsstaðir 02.07.2010

Norður og austursnið í skurði 1 á bæjarstæði

Teikn. GSS, GZ



[1] Grasrót

[4] Moldarlag blandað
móösku og koladreif

[7] Rótað lag með
torfi, rusli og llinsum
af mól

[10] Lagskipt torf,
mögulega úr vegg

[2] Rauðleitt torf
með H1104

[5] Ruslslag með nokkru
af móösku og brenndum
beinum

[8] Mjög lagskipt torf
með dökkum lífrænum
lögum og flekkjum
af H3

[11] Rótað lag með mól

[3] Rótað torf með
H1104 og rusl, dýra-
bein, kol og móaska


[6] Brúnt moldarlag
með móösku og koladreif

[9] Rótað lag með torfi

Bjarnastaðir í Kolbeinsdal 31.09.2010

Sniði sunnanvert garðlag

Teikn: GZ, GSS



1. Grasrót



2. Fokmoldarlag með kolaleifum



3. Fokmold



4. Rótað torflag með H1104



5. Fokmold sem í er dreif af brenndum beinum



6. Torfveggur úr rauðleitu mýrar-torfi með þykkum linsum af H1104 og þynnri linsum af dökkri gjósku



7. Hrun úr torfveggnum



8. Móaska blönduð torfi og kolum



9. Mjög þjappað torf með H3 og H1104




10. Steinn

Bjarnastaðir í Kolbeinsdal 23.06.2010

Vestursnið í skurð 2 í kirkjugarð

Teikn. GSS, GZ



- | | |
|--|---|
| [1] Grasrót | [7] Rótað torflag með H3 |
| [2] Skriða, sandur og möl | [8] Gulleit rótað lag með H3 |
| [3] Fokmold | [9] Niðurgröftur, fylling í gröf |
| [4] Fokmold með koladreif | [10] Beinagrind |
| [5] Fokmold með móösku og kolum | [11] Dökkt lagskipt torf, mýrartorf |
| [6] Rauðleitt mýrartorf með þykkum linsum af H1104 | [12] Rauðleitt torf með 1104, torfveggur? |
| | Steinn |

Ysti-Mór í Fljótum 18.06.2010

Vestursnið í skurði í kirkjugarð

Teikn. GSS, GZ

